

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hvammstanga.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 9. maí 1980 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hvammstanga.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hvammstangahrepps og skipulagsstjórn ríkisins. Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur fyrir Hvammstanga sem ráðuneytið staðfesti þann 13. janúar 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

11. júní 1980.

Nr. 287.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 392 29. október 1976 um gatnagerðargjöld í Dalvíkurkaupstað.

4. gr. orðist svo:

„Gjöld samkvæmt 3. gr. breytist til samræmis við breytingar á vísitölu byggingakostnaðar sem gefin er út af Hagstofu Íslands.“

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

30. maí 1980.

Nr. 288.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld í Stykkishólmi nr. 396 4. september 1975.

9. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald samkvæmt 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið.

Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir, hinir sömu og af lánum Bygðasjóðs á hverjum tíma, nú 22% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.